

taki. Hins vegar ekki álitð, að lögtaksréttur fylgi gjaldi því, 50 aorum, er félagið reiknar sér fyrir að gefa út skirteini, og ber því að fella lögtaksúrskurðinn úr gildi að þessu leyti.

Eftir atvikum virðist rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirrétti og ákveðst hann 25 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði lögtaksúrskurður er úr gildi feldur að því er snertir umkrafið skirteinisgjald 50 aora, en staðfestist að öðru leyti. Áfrýjandi, Matthías Hallgrímsson, greiði stefnda, Sveini Björnssyni, fyrir hönd Brunabótafélags Íslands í málskostnað fyrir yfirdómi 25 kr.

Hinn ídæmda málskostnað ber að greiða áður 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaadför.

Mánudaginn 7. jan. 1918.

Nr. 51/1917.

Þorlákur Einarsson  
gegn  
Jóni Markússyni.

Dómur:

Með byggingarbréfi dags. 6. ág. 1913 byggði Jón

Markússon bóndi á Syðsta-Samtúni í Eyjafjarðarsýslu nefnda eignarjörð sína Þorláki Einarssyni bónda á Kotá til lífstíðar frá fardögum 1914. Þorlákur fekk þó að eins  $\frac{2}{3}$  hluta jarðarinnar til ábúðar og hélt hann henni til fardaga 1917. Þá krafðist Jón Markússon í bréfi til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu dags. 2. júní, að Þorlákur væri með fógetagerð borinn út af jörðinni og sér fengin í hendur ábúðin á þeim  $\frac{2}{3}$  hlutum jarðarinnar, sem Þorlákur hafði. Fór fógetagerðin fram 7. júní, og eftir sókn og vörn af hendi aðila og gegn 500 kr. tryggingu frá gerðabeiðanda, úrskurðaði fógetinn sama dag, að Þorlákur Einarsson skyldi borinn út af jörðinni Syðsta-Samtúni og Jón Markússon settur inn í ábúð  $\frac{2}{3}$  hluta þeirrar jarðar, er Þorlákur hefði haft.

Þessum úrskurði hefir Þorlákur Einarsson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 2. júlí f. á. og — að geymdri skaðabótakröfu fyrir ólöglegan útburð — krafðist þess, að úrskurðurinn og útburðar- og innsetningargerðin í heild sinni verði feld úr gildi sem röng og ólögleg, og áfrýjandinn með dómi yfirréttarins verði talinn löglegur ábúandi Syðsta-Samtúns; svo krefst hann og málskostnaðar fyrir yfirdómi og fógetarétti eftir mati yfirdómsins.

Stefndi, Jón Markússon, krefst stáðfestingar á úrskurðinum og málskostnaðar fyrir yfirdómi.

Í byggingarbréfi áfrýjanda var svo ákveðið, að eindagi jarðargjaldanna, landskuldar og leigna, skyldi talinn í fardögum ár hvert. Með því að stefndi leit svo á, að áfrýjandi hefði ekki fullnægt þessu ákvæði, tilkynnti hann honum í bréfi dags. 23. maí f. á., að



hann hefði fyrirgert ábúðarrétti sínum sökum þess, að hann hefði eigi greitt jarðargjöldin fyrir fardagaárið 1915—1916 á réttum gjalddaga og yrði að víkja frá jörðinni í næstu fardögum, og þegar áfrýjandi eigi skeytti þessu, taldi stefndi sér heimilt samkvæmt 24 gr. laga nr. 1, 12. jan. 1884 um byggingu, ábúð og úttekt jarða, að krefjast útburðar, þó hann hefði eigi byggt áfrýjanda út samkvæmt 26. gr. laganna. Með því að nefnd lög heimila eigi útburð manns af jörð án útbyggingar fyrir aðrar sakir en vanskil á jarðaafgjöldum, kemur þessi útburðarsök ein hér til álita.

Áfrýjandi heldur því nú eigi fram, að hann hafi greitt stefnda eða boðið að greiða honum jarðargjöldin nefnt fardagaár, en hann hefir leitast við að réttlæta þennan undandrätt með því, að hann hafi látið málfærslumann sinn tilkynna stefnda í bréfi dags. 10. júní 1916, að áfrýjandi hafi komið jarðarfgjaldinu fyrir fardagaárið 1915—1916, 50 kr., fyrir til geymslu hjá útibúi Landsbankans á Akureyri, og að það yrði geymt þar þangað til mál það, er þeir, stefndi og áfrýjandi, ættu í fyrir rétti út af ágreiningi um ábúð og byggingu Syðsta-Samtúns, yrði útkljáð með fullnaðardómi og hafi bréfinu fylgt vottorð frá útibúinu um, að upphæðin hefði verið lögð þar í sparisjóðsbók með því fororði, að bókin yrði eigi afhent né innstæðan greidd nema með samþykki áfrýjanda eða málfærslumanns hans.

Með því að áfrýjandi hefir eigi sýnt fram á, að honum beri neinn réttur til að draga greiðslu áminstra jarðargjalda eftir úrslitum fyrgreinds dómstóls, og

með því að sú ráðstöfun hans, að láta gjöldin til geymslu í útibú Landsbankans á Akureyri á þann hátt, sem að ofan segir, alls eigi getur talist greiðsla til stefnda, verður að lita svo á, að áfrýjandi hafi átt jarðarafgjaldið fyrir fardagaárið 1915—1916 ógreitt meir en misseri eftir eindaga, svo að hann samkvæmt 24. gr. nefndra laga hafi fyrirgert ábúðarrétti sínum á Syðsta-Samtúni, og að stefnda því hafi verið rétt samkvæmt 29. gr. laganna að láta bera áfrýjanda út af jörðinni með fógetagerð. — Það ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð og útburðargerð, og er rétt eftir þeim úrslitum, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 25 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða úrskurði og útburðargjörð á að vera óraskað. — Áfrýjandi, Þorlákur Einarsson, greiði stefnda, Jóni Markússyni, málskostnað fyrir yfirdómi, 25 kr., er lúkist áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 7. jan. 1918.

Nr. 90/1917.

Ásmundur Eiríksson  
 gegn  
 Páli Jónssyni.